

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins,
í málinu nr. 3/2022 á svæði 11, Austfirðir

I. Inngangur

1. Undirritaðir lögmenn, Edda Andradóttir og Andri Andrason, Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, fara með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins.

II. Kröfugerð

2. Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að allt landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Gilsárdalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Strýtilækur rennur inn í Gilsá (1). Er Gilsá fylgt suður til upptaka og þaðan eftir svæðismörkum á Hornbrynju (2). Frá Hornbrynju norður að upptökum Innri-Sauðár (3) og þaðan norður á Hraungarð eftir því sem vötnum hallar (4) að upptökum Strýtilækjar (5) sem er fylgt aftur í upphafspunkt.

Geitdalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Fossá rennur í Geitdalsá (1) og er Fossá fylgt að upptökum í há Hraungarð (2). Frá Hraungarði suður eftir því sem vötnum hallar að upptökum Innri-Sauðár (3). Er Innri-Sauðá fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (4) og aftur í upphafspunkt.

Búðartungur

Upphafleg krafa íslenska ríkisins er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynju á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum á Bratthálsvötn (4). Þaðan í há Brattháls (5) og frá Bratthálsi í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

Uppfærð krafa íslenska ríkisins vegna Búðartungna er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynju á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum að vatnaskilum (4). Vatnaskilum er fylgt að kröfuvæði ríkisins vegna Múlaafréttar (5) og þaðan í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

Múlaafrétt

Upphafleg krafa íslenska ríkisins er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og þaðan í Brattháls (3). Frá Bratthálsi suðvestur á Bratthálsvötn (4), síðan í Líkárvatn (5), þaðan í Ódáðavötn (6) og þaðan á Smjörkolla (7). Frá Smjörkollum í Prívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum á Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

Uppfærð krafa íslenska ríkisins vegna Múlaafréttar, sbr. hér síðar, er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og eftir Leirdalsá og í vatnaskil (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt í Prívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels (áður nefnt Ljósárland)

Upphafspunktur er í Innri-Ljósá (1) og er ánni fylgt upp í fjallsbrún (2). Síðan er fjallsbrúninni fylgt alla leið á Dýrhundstind (3) og þaðan stefnu niður Járnhrygg fyrir utan Álfhól norður í Breiðdalsá (4) og er ánni fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

III. Málavextir

3. Um málavexti vísast til kröfulýsingar íslenska ríkisins, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Kröfur ríkisins voru kynntar af hálfu óbyggðanefndar og kallað var eftir kröfum þeirra sem kynnu að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Að teknu tilliti til skiptingar svæðis 11 í fjögur mál bárust gagnkröfur frá eftirtöldum aðilum í máli nr. 3/2022:

- Múlaþing að því er varðar kröfusvæðið *Geitdalsfrétt*.
 - Eigendur Vatnsskóga að því er varðar kröfusvæðið *Múlafrétt*.
 - Eigendur Höskuldsstaða að því er varðar kröfusvæðið *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels* (áður nefnt *Ljósárland*).
4. Undir rekstri málsins voru kröfulínur ríkisins og eigenda Eiríksstaða, Eyjólfsstaða og Víðiness, og Berufjarðar í Berufirði, að því er varðar kröfusvæðið *Múlafrétt*, aðlagðar. Með því var leyst úr ágreiningi gagnvart þeim gagnaðilum.

IV. Málsástæður og lagarök

(a) Almennt um öll kröfusvæðin

5. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau þjóðlendukröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða allt landsvæði innan kröfupunkta skv. framangreindum kröfulínum og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða.
6. Að öðru leyti en fram kemur í greinargerð þessari vísast um afmörkun kröfusvæða og málsástæður ríkisins til kröfulýsingar, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Einnig vísast til fyrirbyggjandi heimilda um kröfusvæðin og tengd landsvæði sem raktar eru í kröfulýsingu ríkisins og í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands.
7. Byggt er á því að þau kröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Fyrirbyggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðja það.
8. Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirbyggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tiltekna kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk

þess sem óljóst er hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir voru tilkomnar að þeim réttindum eða hvað fólst nánar í því tilkalli.

9. Að því er varðar öll kröfusvæðin er horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands.
10. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.
11. Í greinargerð þessari er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem teljast styðja kröfu íslenska ríkisins hvað hvert kröfusvæði varðar.

(b) Gilsárdalsafrétt

12. Um Gilsárdalsafrétt vísast m.a. til sóknalýsingar Hallormsstaðasóknar frá 1840, þar sem fram kemur eftirfarandi lýsing sem tekur til kröfusvæðisins: „Innar af Skógum liggur Gilsárdalur og fellur Gilsá eftir honum sunnan af öræfum norður í Lagarfljót. Austan megin árinna liggur afrétt Hallormsstaðar milli fjallgarðsins er liggur inn af Buðlungavallaheiði og kallast þar, af grýttu og graslausu landi, Hraungarður. Suður við enda Gilsárdals er dæld í fjallgarðinum og þar sem hann aftur hækkar kallast hann Hornbrynja að utanverður [...] Afrétt liggur engin í sókn þessari nema áðurnefndur Gilsárdalur austan Gilsár er brúkast frá heimastaðnum og afbýlinu Skjögrastöðum hvar í er ennú nokkur grasatekja.“¹
13. Tekið skal fram að skilja má landamerkjabréf jarðarinnar Hallormsstaðar, dags. 8. maí 1884, er var þinglesið við manntalsþing að Egilsstöðum 6. júlí 1885, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðarinnar. Þar er merkjum lýst með svofelldum hætti: „Hallormsstaðar í Skógum eptir fornum máldögum og biskupa visitazium. Að utan ræður „Hafursá“ inn og upp að „reiðgötum“, sem ráða mörkum austur á „Skarðhrygg“. Að austan ræður bein stefna frá reiðgötum á „Skarðhrygg“ inn austurbrúnir austanvert við „Prestaflóa“ og „Sandhóla“ alla leið inn á móts við ytri „Hraungarðsenda“. Að sunnan ræður „Hraungarður“, þar sem hann ber hæzt alla leið inní „Hornbrynju“. Að innan ræður „Gilsá“ allt til upptaka hennar.“
14. Til þess verður hins vegar að líta að lýsing landamerkjabréfsins er nokkuð ítarlegri en lýsingar á merkjum heimalands Hallormsstaða samkvæmt eldri heimildum og verður ekki annað séð en að lýsing landamerkjabréfsins taki til nokkuð stærra svæðis. Í

¹ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 314 og 316.

biskupsvísitasú fyrir Hallormsstað frá 1641 er merkjum heimalandsins þannig lýst „fra Haffursä ad utan og Jnn ad Gilsa offan J Fliöt og uppä Skarhrygg, er Suo og allann Hallormsstadahals, utan fra Reydgotum og til þess votnum hallar Sudur ä Oræfe [...]“. Ekki verður skýrlega séð að kröfusvæðið allt falli innan þessarar lýsingar, en sambærilegar lýsingar á heimalandi Hallormsstaða koma fram í síðari heimildum, þ. á m. vísitasúm frá 1. september 1677, 30. ágúst 1706, 30. júlí 1850, 3. júlí 1778, 3. júlí 1818, 16. ágúst 1824 og 6. júní 1833. Í lögfestu sr. Gunnlaugs Þórðarsonar vegna Hallormsstaðar frá 31. ágúst 1825 er og að finna sambærilega lýsingu á heimalandinu, en þó er þar vísað sérstaklega til Gilsárdals austan Gilsár. Framangreint þykir ekki renna stoðum undir að það landsvæði sem lýst er í landamerkjabréfi Hallormsstaða frá 8. maí 1884 teljist allt til eignarlands jarðarinnar, sbr. reglan um að með landamerkjabréfi gátu menn ekki aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði

15. Ýmsar heimildir liggja síðan einnig fyrir sem benda til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt til takmarkaðra nota. Í bréfi sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi til stiftsyfirvalda frá 30. júní 1831 er t.a.m. að finna eftirfarandi lýsingu á jörðinni Hallormsstað: „Til straxnævnte Gaard Hallormstads Hjemmemark hörer og den halve Gilsárdal, hvor der kan have Afret eller græsgang for de golde Faar om Sommeren, og ellers falde nogen Fjeldegræs.“ Í skýrslu sr. Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað, dagsettri 24. júní 1839, yfir inntektir Hallormsstaðarprestakalls, kemur einnig fram að pressetrið eigi afrétt „áfasta við Heimaland nægilega Handa sér fyrir Saudfénad“.
16. Til viðbótar vísast hér til þess að í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu frá 1916–1918 kemur m.a. fram að jörðinni Hallormsstað fylgi upprekstrarland á Gilsárdalsafrétt og að tekjur af henni hafi árlega numið 45 kr. auk afnota fyrir heima fénað. Eigandi jarðarinnar var þá landssjóður. Í svari oddvita Vallahrepps frá 27. apríl 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, er m.a. fjallað um afrétt á Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum, sem afmarkast svo: „Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.“
17. Ekki hefur komið fram gagnkrafa vegna kröfusvæðisins.

(c) Geitdalsafréttur

18. Um Geitdalsafrétt og önnur aðliggjandi afréttarsvæði vísast m.a. til sóknalýsingar Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874, þar sem m.a. segir: „Inn af Þingmúlasókn eru miklar og góðar afréttir, s.s. Geitdalsafrétt inn af Geitdal, allt að Bratthálsi og

Líkárvötnum, og Múlaafrétt inn af Múlanum og Suðurdal inn á Háöxi. [...] Á þessar afréttar reka Skriðdælingar geldfé sitt og lömb og ýmsir úr Skógum og af Völlum.”²

19. Tekið skal fram að skilja má lögfestu vegna jarðarinnar Geitdals, dags. 29. apríl 1846, og landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. júní 1883, á þann veg að kröfusvæðið hafi fallið, a.m.k. að hluta, innan merkja jarðarinnar. Til þess er hins vegar að líta að ekki liggja fyrir eldri heimildir sem styðja að land jarðarinnar hafi náð svo langt inn til landsins sem þessar heimildir bera með sér, auk þess sem samræmis gætir ekki þeirra á milli hvað það varðar. Í lögfestunni frá 1846 er merkjum þannig lýst allt í Hornbrynju og Búðartungur „hvöríar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju“, en í landamerkjabréfinu 1883 er merkjum aðeins lýst að Innri-Sauða.
20. Hér hefur einnig þýðingu að bæði í lögfestunni og landamerkjabréfinu er vísað til þess að innan þess landsvæðis sem lýst er í hvorri heimild sé svæði sem var nýtt af öðrum og sem óljóst var um réttindi til. Þannig er í lögfestunni tekið fram að „þeir sem rekið hafa að undanfögnu gældfé sitt í eignarland mitt eda á Geitdalsafrett, skulu framvegis méga halda hinu sama fram“ með skilorði um m.a. hagatoll. Í landamerkjabréfinu, þar sem merkjum er lýst að Innri-Sauða, er síðan tekið fram að Búðartungur falli utan merkja jarðarinnar, en „uppglökkvað“ hafi verið að Þingmúlakirkja eigi Búðartungur.
21. Þá hefur hér einnig þýðingu að á árinu 1943 seldi Skriðdalshreppur jörðina Geitdal „að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrett“, sbr. afsal dags. 4. apríl þ.á.
22. Í jarðamati Suður-Múlasýslu frá 1849–1850 segir m.a. um jörðina Geitdal að afrétt sé stór og í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu frá 1916–1918 kemur fram að jörðinni skorti upprekstrarland. Þess má jafnframt geta að í öðrum heimildum er vísað til kröfusvæðisins þannig að gefi til kynna að það hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það af öðrum en eiganda Geitdals á hverjum tíma. Sjá hér m.a. heimildir um ágreining vegna fjallskila á Geitdalsafrett frá árunum 1895-1896. Þá má þess geta að í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, kemur fram að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ. á m. Geitdalsafrett.
23. Í kröfulýsingu gagnaðila, Múlaþings, er því borið við að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg þeim samskiptum og ákvörðunum sem átt hafa sér stað eftir gildistöku

² Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 343.

laga nr. 58/1998. Er í því sambandi vísað til málefna tengdum samningum um mögulega virkjun Geitdalsár og sérstaklega samkomulags um skiptingu á endurgjaldi fyrir vatnsréttindi og afnot af landi í tengslum við fyrirhugaða Geitdalsvirkjun, dags. 23. nóvember 2021, undirritað af dómsmálaráðherra f.h. Ríkissjóðs Íslands. Er tekið fram að í því samkomulagi felist staðfesting á stöðu Múlaþings sem handhafa beins eignarréttar lands og vatnsréttinda á Geitdalsafrétt og að sú afstaða sé fyrirvaralaus.

24. Af hálfu íslenska ríkisins er ekki unnt að fallast á að tilvísað samkomulag, eða annað í tengslum við mögulega virkjun Geitdalsár, geti haft þau réttaráhrif að kröfusvæðið teljist undirorpið beinum eignarrétti. Er til þess að líta að þrátt fyrir að í samkomulaginu sé miðað við að Múlaþing og Ríkissjóður Íslands séu landeigendur á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar, vegna eignarhalds á jörðunum Geitdal og Þingmúla, er samkomulagið gert með fyrirvara m.a. um að taka skuli upp viðræður „ef landamerki jarðanna reynast vera önnur en áætlað er.“
25. Hér er einnig að líta til þess að áhrifasvæði virkjunar tekur til landsvæðis sem kallað hefur verið til réttinda yfir af eigendum Geitdals og síðar af hálfu sveitarfélagsins. Telst því ekki óeðlilegt að umrætt samkomulag hafi verið gert við sveitarfélagið, með framangreindum fyrirvara um endurskoðun ef og þegar í ljós kemur að landamerki reynist önnur. Í því fólst eðli máls samkvæmt ekki afstaða ráðherra eða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu þess landsvæðis sem virkjunaráætlanir ná til. Hér verður einnig að athuga að við gerð samkomulagsins, eða annað í því sambandi, var ekki horft til heimilda um merki nefndra jarða eða mat lagt á þær sérstaklega. Er það enda ekki hlutverk dómsmálaráðherra að skera úr um hver séu mörk eignarlanda eða mörk þeirra og þjóðlendna. Til viðbótar er rétt að horfa til þess að umrætt samkomulag var gert á árinu 2021 og á þeim tíma lá fyrir að svæðið hefði verið tekið til meðferðar m.t.t. aðgreiningar í eignarlönd og þjóðlendur skv. lögum nr. 58/1998, en krafa ríkisins í málinu var síðan sett fram í janúar 2022. Í því ljósi gátu vart skapast réttmætar væntingar gagnaðila til beins eignarréttar að kröfusvæðinu eða til þess að ekki yrði gerð til þess þjóðlendu-krafa.

(d) Búðartungur

26. Um aðlögun kröfu íslenska ríkisins að vatnaskilum og uppfærða textalýsingu kröfu í því sambandi vísast til erindis lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 13. október 2013.

27. Af fyrirliggjandi heimildum virðist mega ráða að mismunandi aðilar hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu Búðartungur. Í máldögum vegna kirkjunnar á Valþjófsstöðum frá um 1397 og 1570 er Búðartungna getið í tengslum við eignir, ítök og önnur réttindi kirkjunnar. Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 er jafnframt fjallað um Geitdal og Búðartungur, en þar segir meðal annars að kirkjan eigi hálfan Geitdal og Búðartungur „effre og Ytre“. Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890, en í þeirri síðastnefndu segir að Búðartungur tjáist nú orðnar gagnslitlar. Í prófastvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 er jafnframt vísað til þess að kirkjan eigi hálfan Geitdal og Búðartungur efri og ytri.
28. Búðartungna er einnig getið í heimildum varðandi jörðina Geitdal. Í lögfestu vegna Geitdals frá 29. apríl 1846 er merkjum jarðarinnar t.a.m. lýst allt í Hornbrynju og Búðartungur „hvöríar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju“. Í landamerkjaskrá jarðarinnar Geitdals, dags. 14. júní 1883, kemur hins vegar fram að það hafi verið „uppglökkvað“ að Þingmúlakirkja eigi Búðartungur. Sjá hér umfjöllun um kröfusvæðið Geitdalsafrétt í greinargerð þessari.
29. Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 er skráð inn lýsing á Búðartungum, dags. 28. maí 1884, sem var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Í henni segir að samkvæmt máldögum og vísitasíum eigi Þingmúlakirkja Búðartungur „efri og ytri“ sem eru innanvert við Geitdalsafrétt. Jafnframt segir að takmörkin á Búðartungum séu „að utan „Sauðá“ norður á „Hornbrynju“, sem ræður svo að norðan, að innan „Hraun“ innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.“
30. Við manntalsþing í Þingmúla fyrir Skriðdalshrepp 20. júní 1884 var þinglesin sérstök landamerkjaskrá fyrir Búðartungur, ítak Þingmúlakirkju. Þá má þess geta að í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, kemur fram að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ. á m. Múlaafrétt. Má ætla að kröfusvæðið, Búðartungur, falli innan þess svæðis sem þar er vísað til sem Múlaafréttar.
31. Ekki hefur komið fram gagnkrafa vegna kröfusvæðisins Búðartungur.

(e) Múlaafrétt

32. Um aðlögun á suðurmörkum kröfusvæðisins að vatnaskilum og uppfærða textalýsingu kröfu íslenska ríkisins í því sambandi vísast til erindis lögmanns ríkisins til

óbyggðanefndar, dags. 13. október 2023. Að því marki sem sú aðlögun fól í sér aukna kröfu ríkisins vegna Múlaafréttar, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, heimilaði óbyggðanefnd að hin aukna krafa komi til úrlausnar í málinu, sbr. nánar erindi nefndarinnar, dags. 18. október 2023.

33. Af fyrirbyggjandi heimildum virðist mega ráða að kirkjan að Þingmúla í Skriðdal hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu, þótt óljóst sé hvað fólst nánar í því tilkalli. Í elstu fyrirbyggjandi heimildum um kirkjuna, þ.e. máldögum frá um 1370 og 1570, er ekki að sjá að vísað sé til kröfusvæðisins. Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 kemur hins vegar fram að kirkjan eigi heimaland allt með þeim ummerkjum sem séra Gissur Gíslason „tilseiger Sig hallded og hafft haffa Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar einnenn allar øxarärdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu hauga lande, Allann hallffann geitdal og Büdartüngur effre og Ytre.“ Virðist þessi lýsing taka til kröfusvæðisins, a.m.k. að hluta. Sömu upplýsingar koma fram í síðari heimildum, m.a. biskupsvísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890. Sjá einnig lögfestur vegna Þingmúla frá 4. júní 1703 og 2. júlí 1718.
34. Jafnframt er vísað til afréttar Þingmúlakirkju í fjölda heimilda, þ. á m. í heimildum um hjáleigurnar Borg, Stefánsstaði og Vatnsskóga. Sjá t.d. byggingarbréf vegna Borg í Skriðdal frá 17. júlí 1856 og 1. júní 1870 og vegna Stefánsstaða frá 15. apríl 1871. Þá er jafnframt vísað til afréttar Þingmúlastaðar í byggingarbréfi vegna Þingmúlastaðar frá 1. júní 1870.
35. Landamerkjabréf jarðarinnar Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, dags. 7. júní 1883, er var þinglésið við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884, má síðan skilja sem svo að merkjum sé þar lýst þannig að taki til kröfusvæðisins, a.m.k. að hluta. Er merkjum n.t.t. lýst svo, að því leyti sem hér hefur þýðingu: „Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Prívarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Prívarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.“
36. Af síðari heimildum virðist hins vegar ljóst að tilkalli Þingmúla til kröfusvæðisins hafi verið sleppt eða það gengið undan jörðinni. Vísast hér til þess að í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu frá 1916–1918 kemur fram að jörðin Þingmúli eigi ekki upprekstrarland og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Eigandi jarðarinnar

var þá Þingmúlakirkja. Þá er skráð svohljóðandi athugasemd: „Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt.“ Í lýsingu fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu á Múlaafrétt frá 4. desember 1917 er þess þó getið að Múlaafréttur sé kirkjueign, en að tekjur af afréttinum séu ekki aðrar en að umráðamaður reki þangað árlega sauðfé frá heimili sínu.

37. Þá má þess geta að í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, kemur fram að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ. á m. Múlaafrétt.
38. Að því er varðar sérstaklega gagnkröfu vegna Vatnsskóga, þá einskorðast ágreiningur við þann hluta kröfusvæðis ríkisins er liggur austan (suðaustan) þeirrar línu sem gagnaðili dregur þvert frá vatnaskilum um Ódáðavötn og eftir árfalli úr Ódáðavötnum í Axará. Í þessu sambandi er bent á að gagnaðili reisir kröfu sína á byggingarbréfi frá 5. desember 1859, þar sem presturinn að Þingmúla byggði Árna Magnússyni kirkjulandið Víðigróf eða „land allt frá Vatnsdalsá og inná Öxi þarsem vötnum hallar suduraf, austaramegin Oxarár á fjall upp“. Af þessari lýsingu virðist verða að leggja til grundvallar að Axará eigi að afmarka land samkvæmt byggingarbréfinu gagnvart kröfusvæðinu. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvort fylgja beri Axará allt til upptaka og þá hvar þau upptök séu. Hér er þó bent á að þrátt fyrir að vatn renni úr Ódáðavötnum í Axará u.þ.b. á þeim stað þar sem kröfulína gagnaðila er dregin, þá verður ekki annað séð en að Axará eigi upptök sín sunnar og nærri vatnaskilum gagnvart Berufirði, sbr. hér kröfulína ríkisins þar sem hún er dregin frá vatnaskilum á Þrívörðuhálsi í Axará.

(f) Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels (áður nefnt Ljósárland)

39. Taka ber fram að í kröfulýsingu íslenska ríkisins var vísað til þessa kröfusvæðis sem Ljósárlands (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels). Af síðar framkomnum heimildum virðist ljóst að almennt er vísað til landsvæðisins á milli Ytri- og Innri-Ljósár, sem fellur utan kröfusvæðisins, sem Ljósárland, þótt það sé ekki einhlítt. Þykir af þeim sökum rétt að til kröfusvæðisins sé vísað sem Óskiptarlands Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels en ekki Ljósárlands.
40. Af fyrirliggjandi heimildum er ljóst að Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel hafa kallað til réttinda á kröfusvæðinu, þ.e. á milli Innri-Ljósár og Járnhryggs, þótt óljóst sé hvað fólst nánar í því tilkalli. Í því sambandi hefur m.a. þýðingu að heimaland jarðanna er

norðan Breiðdalsár en kröfusvæðið sunnan árinna, auk þess sem að í fyrirliggjandi heimildum er svæðinu ávallt lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðanna.

41. Til kröfusvæðisins virðist vísað sem þrætutungna í kaupbréfi um Höskuldsstaði frá 20. ágúst 1457, þar sem kemur fram að seljandinn, sr. Jón Pálsson, hafi sagt að Höskuldsstaðir ætti „skögarteig fyrir sunnann vatnzfötinn. oc Þrætutungur fyrir sunnann ána í Breiddal“. Í vitnisburði frá 12. maí 1601 er einnig fjallað um land sunnan Breiðdalsár, þar sem segir að komið hafi til tals þegar Sturla Jónsson gaf Árna syni sínum jörðina Höskuldsstaði á brúðkaupsdegi sínum að jörðin „ætte yfer umm Breiddals ä takmarkad land ä millum järnhryggs oc liösär hinnar ytre.“ Þessi lýsing virðist taka til kröfusvæðisins á milli Innri-Ljósár og Järnhryggs, en einnig til landsvæðisins á milli Innri- og Ytri-Ljósár sem í öðrum heimildum er jafnan vísað til sem Ljósárlands. Hið sama á við um vitnisburði frá árunum 1603 og 1620 þar sem vísað er til þess að jörðin Höskuldsstaðir hafi átt takmarkað land fyrir sunnan Breiðdalsá, á milli Järnhryggs og Ytri-Ljósár. Í gjafabréfi frá 11. nóvember 1685, sbr. afrit þess frá 25. júní 1883, kemur hins vegar fram að „að Höskuldsstaðir skulu sjer ei eigna land yfir við eða í millum Ljósáanna, hvað eg gef Flögu með frí og frelse og henni skal héðan af tilheyra epter (skjöllum?) sem eg og mína eign vera“. Frá og með þessari ráðstöfun virðist að mestu hafa verið óumdeilt að Ljósárland á milli Ytri- og Innri-Ljósár tilheyrði jörðinni Flögu.
42. Kröfusvæðinu er í fyrirliggjandi heimildum sem fyrr segir ávallt lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðanna Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, norðan árinna, auk þess sem þær gefa til kynna að svæðið hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti. Við skipti Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels á árinu 1846 er t.d. getið um landstykki sunnan Breiðdalsár, milli Järnhryggs og Innri-Ljósár, og í skjali frá 31. júlí 1866 er vísað til beitarlandsstykkis sunnan árinna milli Innri-Ljósár og Järnhryggs.
43. Í landamerkjabréfum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, dags. 23. og 25. júní 1885, er vísað til kröfusvæðisins með sama hætti. Í báðum bréfunum er merkjum jarðanna norðan Breiðdalsár lýst sérstaklega, en síðan tekið fram að sunnan árinna eigi jarðirnar sameiginlega óskipt land eða beitarlandsstykki. Í landamerkjabréfi Höskuldsstaða segir þannig: „Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Järnhryggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaði – og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika“, og í bréfi Höskuldsstaðasels segir: „Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri

„Ljósár“ og „Járnhryggs“ er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega eptir dýrleika og tiltölulega eptir jarðardýrleika.“

V. Lagarök

44. Um lagarök er fyrst og fremst vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Einnig vísast til 72. gr. stjórnarskrárinnar, og meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.


VI. Sönnunargögn

45. Um sönnunargögn er vísað til framlagðra skjala og hliðsjónargagna. Ekki eru lögð fram ný gögn með greinargerð þessari, en áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, ef tilefni gefst til á síðari stigum.

VII. Almennur áskilnaður og fyrirvari

46. Af hálfu íslenska ríkisins er áskilinn réttur til að koma að frekari málsástæðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, og til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Þá er áskilinn réttur til að auka við þjóðlendukröfur og til að setja nýjar þjóðlendukröfur fram, eftir því sem tilefni gefst til og lög leyfa. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 13. desember 2023,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
f.h. íslenska ríkisins,


Andri Andrason, lögmaður


Edda Andradóttir, lögmaður